

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um náttúruvernd.

Frá Merði Árnasyni og Ólafi Þór Gunnarssyni.

1. Við 31. gr.
 - a. Í stað orðanna „stöðva og leggja“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: leggja.
 - b. Í stað orðanna „er varða“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: um.
 - c. Í stað orðanna „með sex hjólum að lágmarki“ í 3. málsl. 2. mgr. komi: svo sem fjórhjólum.
 - d. 4. mgr. orðist svo:

Ráðherra er einnig heimilt að veita undanþágur vegna annarra sérstakra aðstæðna, svo sem fötlunar, og skal í reglugerð samkvæmt grein þessari kveða á um nánari skilyrði fyrir veitingu þeirra.
2. Við 94. gr.
 - a. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 2014.
 - b. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

V. kafli fellur úr gildi 1. janúar 2018.
3. Við ákvæði til bráðabirgða.
 - a. 1. mgr. 1. tölul. orðist svo:

Þrátt fyrir 1. mgr. 31. gr. er heimilt að aka vélknúnum ökutækjum á greinilegum vegslóðum sem eru að staðaldri notaðir til umferðar vélknúinna ökutækja eða fáfarnari vegslóðum þar sem hefð er fyrir akstri og slóðarnir falla að skilyrðum 2. mgr. 32. gr.
 - b. Á eftir 2. málsl. 2. mgr. 1. tölul. komi nýr málslíður, svohljóðandi: Hópurinn skal skipaður fulltrúum útivistarhópa, náttúruverndarsamtaka og Vegagerðarinnar auk fulltrúa frá sveitarfélögunum og ráðuneytinu.
 - c. 3. mgr. 1. tölul. orðist svo:

Þrátt fyrir 4. málsl. 1. mgr. 32. gr. skal ráðherra eigi staðfesta og birta kortagrunn um vegi og vegslóða fyrir en 1. október 2017.
 - d. Við bætist nýr tölulíður, svohljóðandi: Ráðherra skal taka til endurskoðunar V. kafla laga þessara og leggja fram frumvarp um nýjan V. kafla á haustþingi 2017.